

3-4 bekkur grunnskóla

Um fræðsluna	Nemendur fræðast um og vinna verk frá fyrri tíð. Þau fá að vinna verk inni eða úti eftir árstíma og veðri, til dæmis að kempa ull, sópa, finna eldivið eða bera vatn.
Markmið heimsóknar	Markmið heimsóknarinnar er að gefa nemendum innsýn inn í þær samfélagslegu breytingar sem hafa orðið á síðustu u.þ.b 100 árum. Hún uppfyllir fræðslumarkmið safnsins um þátttöku og sköpun, miðlar handverki og verklegri þekkingu.
Hvað ætlum við að gera?	<p>Farið verður í tvö hús og skiptist fræðslan í tvo hluta. Fyrst er farið í hús sem heitir Líkn sem er fræðsluhúsið á safninu. Þar er hægt að taka af sér töskur og geyma meðan farið er í skoðunarleiðangur um torfbæ safnsins sem heitir Árbær. Þar fer fram kynning um það sem fyrir augu ber og tengist námsefninu. Nemendur skoða bæinn og muni úr námsefninu út frá ratleik.</p> <p>Í seinni hluta heimsóknarinnar er unnið verk. Á vorin og haustin fá nemendur að vinna útiverk sem eru unnin í kringum Árbæinn. Alla jafna er unnið inniverk á vetuma og er það unnið í húsinu Líkn þar sem nemendur fá að prófa ullarvinnu (tóvinnu).</p>
Hópastærð	Einn grunnskólabekkur.
Tímalengd	Um 50 mín.
Rusl	Ef hópar eru með nesti þarf að bóka tíma fyrir nesti um leið og heimsókn er bókuð til að forðast árekstra við aðra hópa. Taka þarf allt rusl með sér eftir heimsókn.
Seinkun	Ef hópnum seinkar, vinsamlegast látið strax vita, annaðhvort á safnfraedsla@reykjavik.is eða í síma: 41 1-6300.
Tengingar við Aðalnámskrá	Námsefnið „Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti“.
Umsjónarskylda	Það er mikilvægt að kennarar og stuðningsaðilar, sem starfa með nemendum að öllu jöfnu, komi með í heimsóknina og taki virkan þátt í henni því þeir þekkja þarfir nemenda best.

**Borgarsögusafn
Reykjavíkur**

GRUNNSKÓLAR